

Efnaeftirlit á áætlun 2025 –

Tollafgreiðsla á plöntuverndarvörum 2024

Dagsetning	16.05.2025
Fyrirtæki	Verkvist ehf.
Heimilisfang	Hallgerðargötu 13, 105 Reykjavík
Kennitala	5509160960
Starfsemi	Blönduð smásala
Eftirlitsstaður	Á ekki við
Fulltrúi fyrirtækis á vettvangi	Á ekki við
Eftirlitsmaður	Kristín Silja Guðlaugsdóttir
Tegund eftirlits	Efnaeftirlit
Tengiliður fyrirtækis	Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir

Samantekt

Umhverfis- og orkustofnun stóð fyrir eftirliti hjá Verkvist ehf. með magni plöntuverndarvara sem fyrirtækið setti á markað á árinu 2024, sbr. hlutverk Umhverfis- og orkustofnunar með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013. Fyrirtækið skilaði fullnægjandi gögnum til Umhverfis- og orkustofnunar.

Merking hugtaka

Merking eftirfarandi hugtaka sem notuð eru í skýrslunni er sem hér segir:

- **Ábyrgðaraðili:** Nafngreindur ábyrgðaraðili sem tilnefndur er af þeim sem býður plöntuverndarvörur eða útrýmingarefni fram á markaði til að hafa umsjón með markaðssetningu þeirra.
- **Notendaleyfi:** Leyfi sem veitir nafngreindum einstaklingi heimild til að kaupa og nota notendaleyfisskyldar vörur.
- **Notendaleyfisskyld vara:** Plöntuverndarvörur eða útrýmingarefni þar sem skilgreint er í markaðsleyfi að varan sem um ræðir sé einungis ætluð til notkunar í atvinnuskyni, enda sé krafist sérstakrar kunnáttu við notkun hennar.
- **Markaðssetning:** Að sjá þriðja aðila fyrir vöru sem fellur undir efnalög nr. 61/2013 eða bjóða hana fram, hvort heldur er gegn greiðslu eða án endurgjalds. Innflutningur er markaðssetning. Hvað varðar plöntuverndarvörur er markaðssetning það að hafa umráð með sölu, þ.m.t. að bjóða þær til sölu eða afhendingar í öðru formi, hvort heldur er gegn gjaldi eða án endurgjalds,

og sjálf salan, dreifingin eða önnur form afhendingar að undanskilinni endursendingu til fyrri seljanda. Afgreiðsla í frjálst flæði inn á EES-svæði telst markaðssetning.

Hvað varðar sæfivörur er markaðssetning það að bjóða tiltekna sæfivöru eða meðhöndlaða vöru fram í fyrsta sinn á markaði, þ.m.t. öll afhending sæfivöru eða meðhöndlaðrar vöru til dreifingar eða notkunar meðan á viðskiptastarfsemi stendur, hvort heldur er gegn greiðslu eða án endurgjalds.

- **Tímabundin skráning:** Plöntuverndarvörur sem voru með gildar skráningar skv. eldri löggjöf áður en efnalög nr. 61/2013 tóku gildi og sótt var sérstaklega um tímabundna skráningu fyrir sbr. ákvæði til bráðabirgða í efnalögum. Tímabundnar skráningar plöntuverndarvara gilda þar til að lokið er við að áhættumeta virka efnið í vörunni eða þar til að virka efnið í vörunni hefur verið bannað.
- **Markaðsleyfi:** Leyfi sem veitt er fyrir vöru á grundvelli áhættumats. Plöntuverndarvörur skulu vera með markaðsleyfi sem Umhverfis- og orkustofnun gefur út sbr. 35. gr. efnalaga nr. 61/2013 og 5. gr. reglugerðar nr. 544/2015 um plöntuverndarvörur. Sæfivörur skulu vera með markaðsleyfi sem Umhverfis- og orkustofnun gefur út sbr. 35. gr. efnalaga nr. 61/2013 og 5. gr. reglugerðar nr. 878/2014 um sæfivörur.
- **Leyfishafi:** einstaklingur eða lögaðili sem er handhafi leyfis fyrir plöntuverndarvöru eða sæfivöru.

Umfang eftirlits

Umhverfis- og orkustofnun hefur umsjón með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013 og fer með eftirlit með framkvæmd laganna og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim. Í því skyni hefur stofnunin m.a. eftirlit með meðferð og markaðssetningu efna, efnablandna og hluta sem falla undir lögina með samræmdum hætti á landinu öllu. Auk þess hefur stofnunin eftirlit með banni og takmörkunum á efnum, efnablöndum og efnum í hlutum og með vörum sem þurfa markaðsleyfi.

Í upphafi hvers árs skal sá sem markaðssetur leyfis skyld efni eða efnablöndur gera Umhverfis- og orkustofnun grein fyrir magni þeirra, fyrir undangengið ár, á þann hátt sem stofnunin ákveður, sbr. 20. gr. efnalaga.

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf stofnunarinnar, dags. 16. maí 2025, þar sem óskað var eftir að Verkvist ehf. gerði grein fyrir þeim plöntuverndarvörum sem það setti á markað á árinu 2024 með því að senda stofnuninni afrit af vörureikningum fyrir allar sendingar af plöntuverndarvörum sem tollafgreiddar voru á árinu 2024.

Niðurstaða eftirlits

Verkvist ehf. skilaði fullnægjandi gögnum til Umhverfis- og orkustofnunar þann 16. maí 2025.

Selfossi, 16. júlí 2025

Kristín Silja Guðlaugsdóttir

Teymi efnamála